

Siglingaráð

20. fundur

Dags.: 7. nóvember 2019, kl. 11:30 til 13:20 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Níels Finsen (Landhelgispæsla Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Gestir fundar: Aron Freyr Jóhannsson (Samgöngustofa), Kristján Pétursson (Gallup).

Forföll: Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Valmundur Valmundsson (Sjómannahverfi Íslands), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgispæsla Íslands), Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátaeigenda), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti .
2. Fundargerð 19. fundar Siglingaráðs. (Áþ sendi í tölvupósti)
3. Samráð, lög um eftirlit með skipum, skráningu skipa og mælingu skipa (Excelskrá send í tölvupósti)
4. GALLUP könnun og glærukynning (verða send í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn.

1. **Fundargerð** 19. fundar samþykkt. Vegna texta í 4. lið fundargerðarinnar um þörfina í fræðslu til sjómanna um framkvæmd áhættumats upplýsti HS að Slysavarnaskóli sjómanna hafi kennt sjómönum áhættumat í rúman áratug og væri eðlilegra að leita til skólans heldur en til Vinnueftirlitsins í þessum efnum. Áþ sagði að umræða hefði snúist um vinnueftirlit um borð með hliðsjón af kröfum ILO C188. .
2. **GALLUP könnun.** KP kynnti könnunina sem fram fór á tímabilinu 20. ágúst til 26. september 2019 (sjá framlögð gögn nr. 4). 1300 sjómenn í lögskráningarkerfinu voru í úrtakinu og var svörun 43,5%, þar af 16 konur. KP tók fyrir sérstaklega nokkrar spurningar með áhugaverðar niðurstöður og samanburð við könnunina frá 2015 en hér eru nokkur dæmi:
 1. Ánægja með að hafa sjómennsku sem atvinnu er nokkuð mikil en 79% voru ánægðir 2015 og 81% voru ánægðir 2019. Á fiskiskipum undir 15BT voru 83% svarenda ánægðir.
 2. Helstu orsakir óhappa og næstum slysa er athugunarleysi (62-64%), þreyta (48-49%) og skortur á kunnáttu (36-34%) samkvæmt báðum könnunum. Helstu orsakir slysa eru taldar þær sömu og fá tilgreind atriði svipað vægi.
 3. Æfingar í skipum virðast almennt vera haldnar sjaldnar en kröfur segja til um en ástandið hefur aðeins lagast frá 2015 en þá voru 21% sem svöruðu aldrei á móti 17% árið 2019. Farþegaskipin þurfa að halda æfingar oftar; viku- eða mánaðarlega og koma því betur út en fiskiskipin. Ekki er krafa um æfingar á fiskiskipum undir 15 metrum að lengd.
 4. Breyting er á svörun um lengsta samfellda vinnutíma sjómanna án hvíldar og færri sem svara að hann sé 31 tími eða meira. Fylgni er með ánægju með störfin á sjó og lengd vinnutíma.
 5. Fleiri kannast við áhættumat um borð og 81% fengu kynningu á því. Áhættumat var í 53% 2015 en 58% 2019. Öryggisfulltrúum hefur fjölgæð úr 36% 2015 í 42% 2019.
 6. Ný spurning var um notkun uppblásanlegra björgunarvesta og voru þau til í skipum 71% svarenda en algengust í skuttagurum (94%) og uppsjávarveiðiskipum 98%. Í fiskiskipum undir 15BT voru þau í 47% tilvika.

7. 2019 eru 69% sammála um að slysum um borð hafi almennt fækkað á móti 60% árið 2015.
8. Fleiri eru komnir í 8/8 tíma vaktakerfi eða 43% 2019 í stað 34% 2015. Ánægja með vaktakerfið um borð hefur einnig aukist að sama skapi.
9. Örlítið fleirum líður almennt vel í vinnunni 2019 en árið 2015. Í spurningu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs 2019 segja 48% nei en 26% já. Margir eiga við svefnvanda að stríða samkvæmt báðum könnunum, meiri hluti svarenda hefur dottað á vaktinni, þó nokkrir finna fyrir þreytu í vinnunni og eingöngu 20% ósammála því, streita þekkist við dagleg störf og er að aukast og auðvitað finna menn fyrir sjóveiki í mismiklum mæli. KP sagði að samkvæmt rannsóknum tam. í heilbrigðisgeiranum að þá sefur starfsfólk almennt ekki nóg.
10. Reykingar láta í minni pokann en 15% segjast reykja 2019 á móti 22% 2015. Samsvörur er að finna í öðrum gögnum Gallup fyrir árin 2007-2019 en þar fækkar reykingafólki úr 16,4% niður í 8,3% á tímabilinu.
11. Fleiri kannast við að nýliðafræðslu sé sinnt 2019 en 2015, vinnuálag virðist hafa aukist og hávaðamengun víða til staðar.
12. Kynferðisleg áreitni er til staðar í skipum 1,4-1,5% hafa orðið fyrir henni en vitni að slíku eru fleiri árið 2019 en 2015. Þeim sem hefur orðið fyrir einelti og þeim sem hafa verið vitni að einelti hefur fjölgæð samkvæmt könnuninni.
13. KP taldi upp jákvæða hluti tam. æfingar, áhættumat, öryggisfulltrúar, nýliðafræðsla og vinnuaðstæður. Áskoranir eru að taka á málum eins og svefnvanda, streitu, þreytu og að dotta á vaktinni sem er mest hjá yngsta fólkini, einnig að horfa á vinnuálag, samþættingu vinnu og fjölskyldu og síðast en ekki síst einelti og áreiti.

Ráðsmenn fá kynninguna senda í tp.

HS sagði frá átaki dana í eineltismálum en þeir auglýsa það mikið og bjóða uppá ráðgjöf sérfræðinga í eineltismálum. ÓR sagði að í boði væri ýtarlegri kynning á könnuninni fyrir áhugasama. Rætt um að koma á þessum verkefnum og ÁÞ benti að setja mælanleg árangursmarkmið byggð á könnunum í öryggisáætlun sjófarenda. Í umræðu samhlíða kynningunni kom fram að vaxandi þreyta, streita og svefnleysi sé mælanlegt hjá þjóðinni. Í tilfelli sjófarenda þurfi að skoða samspil þreytu, óánægju og fækkun í áhöfnum skipa. Lagt til að bæta næst við spurningu um notkun samfélagsmiðla.

3. **Ný skipalög.** EÓ fjallaði um undirbúning að nýjum skipalögum. Búið er að senda á hópinn excel skjal sem má nota til að setja inn athugasemdir um einstaka ákvæði laganna sem undir liggja og eru ráðsmenn hvattir til að senda inn athugasemdir sem fyrst en þær verða eingöngu til skoðunar hjá ráðuneytinu. Áform um lagasetningu verða bráðlega kynnt á samráðsgátt og verður gefinn rúmur tími til að koma að athugasemendum. Drög að frumvarpi verður unnið í samvinnu við Samgöngustofu og síðan kynnt á nýju ári og tekið fyrir á Alþingi í vor. Markmiðið er að til verði ein heildarskipalög til einföldunar fyrir notendur.

EÓ upplýsti að til standi að fara samhlíða í greiningu á reglugerðum í þeim tilgangi að einfalda regluverkið.

HS mælti með að í skipalögin verði sett sér kafli/ákvæði skráningu „safnaskips“ til að auka líkur á varðveislu gamalla skipa hér á landi.

4. Önnur mál

1. HS upplýsti um vandamál tengdu lögskráningarkerfinu en í því er eingöngu hægt að skrá sjómann á eitt skip á dag. Benti hann á að hafnsögumenn hafi áhyggjur af sínum málum þar sem þeir fara milli skipa oft á dag en tam eru 5 skip hjá Faxaflóahöfnum sem notuð eru til skiptis af sömu áhöfn á sama degi. Fram kom hjá ÓR að sama staða væri hjá hvalaskoðunar-fyrirtækjum sem eiga fleiri en eitt skip. HAG sagði að mönnunarnefnd hafi einnig bent á þetta og bætti við að vélstjórar hafi kvartað yfir því að hafa verið lögskráðir á skip sem þeir eru ekki á en það virðist vera gert ef réttindamaður fæst ekki í túrinn. HS sagðist heyra það að fiskistofumenn séu ekki lengur lögskráðir á skipin sem þeir fara með. Lagt var til að LHG athugi hvort þetta tíðkist og sé algengt.
2. HS spurðist fyrir um nýju reglugerðina um farþegaskip og afhverju ekki væri búið að gefa hana út? EÓ sagði að þetta væri ennþá í vinnslu.

Einnig spurði HS um nýja reglugerð um lyf og læknisáhöld í skipum. AFJ sagði að reglugerðin hafi ekki verið gefin út þar sem vantaði fjármagn til að gefa út nýja handbók lyfjakistu en kaupa þarf sérfræðiþekkingu heilbrigðisfólks við þá vinnu. Fram kom að Siglingaráð hafi samþykkt fjárveitingu í endurskoðun á búnaði og lyfjum í reglugerðinni og væri listinn/eyðublaðið í handbókinni sjálfsagt framhald af þeirri vinnu. Verður tekið aftur fyrir á næsta fundi.

3. HS sagði að sjómenn á sunnanverðum Vestfjörðum og í Breiðafirði kvarti yfir því að rásin VHF 16 væri ónothæf þar vegna mikillar notkunar og tilkynninga frá bátum til LHG en á svæðinu er ekki rás 9. HÁ sagði að spjall hafi minnkað mikið á rás 16 eftir að byrjað var að beina mönnum á aðrar rásir.
4. Áþ ræddi um verkefnið konur og siglingar en ráðuneytisstjórinn i samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti er mjög áhugasöm. Óskað eftir áframhaldandi vinnu og að verkefnið verði undir hatti Siglingaráðs en þar verði fagábyrgðin og verkefnum síðan deilt út til viðeigandi aðila og stofnana. Menntamálaráðuneytið hefur áhuga á þessu og vill fara í alþjóðlegt átak en Tæknikskólinn verður með í því. Bráðlega verður haldinn fundur með hagsmunaaðilum til að fá stuðning og hvatningu til að ráða konur á sjó. Hópur kvenna sem voru með erindi á ráðstefnunni er til í að koma að stuðningsneti „Ein á báti“.

Næsti fundur verður? Áþ boðar í tölvupósti.

IV og Áþ rituðu fundargerð.